

## **BRÚIN**

### **Barn – Úrræði - Ráðgjöf**

Hafnarfjarðarbær hefur frá og með haustinu 2018 farið af stað með nýja nálgun til að efla stuðning og þjónustu við börn í leik- og grunnskólum bæjarins. Markmið BRÚARINNAR er að samþætta þjónustu bæjarins og auka lífsgæði barna, unglinga og fjölskyldna þeirra. Áhersla er lögð á að veita aukna þjónustu á fyrri stigum með aðkomu lausnateyma leik- og grunnskólanna. Ásamt því hefur samvinna fagfólks verið eflað á milli Fjölskylduþjónustu og Fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar.

Í lausnateymum sitja fagaðilar á vegum skólans, ásamt ráðgjöfum frá Fjölskylduþjónustu, sálfræðingum og/eða sérkennslufulltrúa frá Fræðslu- og frístundaþjónustu. Hlutverk lausnateyma er að kortleggja stöðu barns og leita sameiginlegra lausna, barni og fjölskyldu þess til stuðnings. Í lausnateymi er nám, hegðun, þroski og/eða líðan barns rædd með samþykki foreldra og viðunandi úrræði virkjuð til að bregðast fyrir við erfiðleikum eða aðstæðum barnsins.

Í byrjun var þessi nýja nálgun innleidd í sjö leikskóla og þrjá grunnskóla og haustið 2019 bættust við fjórir leikskólar og tveir grunnskólar. Skólarnir taka þátt í þróun þessa nýja vinnulags sem síðar verður innleitt í alla leik- og grunnskóla bæjarins. Ekki er um tímabundið verkefni að ræða heldur breytt verklag í þjónustu við börn og fjölskyldur hjá Hafnarfjarðarbæ.

Viðhorfskönnun var gerð í mars 2019 á meðal starfsfólks lausnateyma þeirra leik- og grunnskóla sem eru í BRÚNNI og meðal foreldra þeirra barna sem höfðu fengið þjónustu í gegnum lausnateymi BRÚARINNAR. Niðurstöður sýndu að starfsfólk var almennt ánægt með skýrt verklag BRÚARINNAR. Starfsfólkið taldi markviss samvinna og þjónusta frá Fjölskylduþjónustu og Fræðslu- og frístundaþjónustu nýtast vel fyrir börn og fjölskyldur þeirra sem þurfa á auknum

stuðningi að halda. Þeir foreldrar sem svöruðu könnuninni töldu stuðninginn sem þeir fengu í gegnum lausnateymin gagnast fjölskyldunni vel.

Til þess að óska eftir þjónustu lausnateymis, er foreldrum bent að hafa samband við umsjónarkennara eða skólastjórnendur þeirra skóla sem taka þátt í BRÚNNI.